

28. nóvember 1973.

685

Nr. 363.

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík um skráningu ökutækja í Gullbringusýslu.

Hér með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að ráðuneytið hefur ákveðið, með tilliti til þeirra breytinga, sem verða á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma 1. janúar n. k., að frá þeim tíma skuli umdæmisbókstafurinn Ö gilda fyrir skráningarskyld ökutæki í Keflavík og Gullbringusýslu, en umdæmisbókstafurinn G fyrir skráningarskyld ökutæki í Hafnarfirði og Kjósarsýslu.

Jafnframt skal tekið fram, að fyrst um sinn skal eigi skylt að umskrá ökutæki, sem bera umdæmisbókstafinn G 1. janúar 1974, en ættu samkvæmt framanskráðu að bera umdæmisbókstafinn Ö, enda sé ökutækið áfram í eign sama aðila og eigandinn búsettur innan Gullbringusýslu, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Kjósarsýslu, og eigi er þinglýst nýju skjali í ökutækinu.

Samhljóða bréf hefur ráðuneytið sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði, svo og bifreiðaeftirliti ríkisins.

21. desember 1973.

Nr. 364.

## AUGLÝSING

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 frá 21. desember 1973 og innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með 140% viðauka, leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju-lögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbóta þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1973.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*